

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2106  
komudagur 3.5.2001



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Alþingi  
Hildur Njarðvík  
nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2001  
Tilvísun: 2001040445 SJ/-

Til Allsherjarnefndar /  
*leiðrétt umsögn er komi í stað umsagnar dags. 23. apríl sl.*

Persónuvernd hefur farið yfir frumvarp til breytinga á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 627. mál, þskj. 1002. Að mati stofnunarinnar eru þær breytingar sem þar eru lagðar til allar til bóta - sérstaklega fyrir túlkun og daglega framkvæmd laganna. Þá eru með frumvarpinu lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til að Ísland geti fullnægt þjóðréttarlegum skuldbindingum sínum, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Því gerir Persónuvernd engar athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á lögum nr. 77/2000. Hún vill þó koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

I. Í 5. mgr. 6. gr. er lagt til að ábyrgðaraðila verði heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til aðila sem hyggst nota skrána við dreifingu markpósts hafi ábyrgðaraðili skrárinnar áður gefið félagsmönnum, starfsmönnum eða viðskiptamönnum kost á að andmæla því að nafn viðkomandi verði á hinni afhentu skrá. Persónuvernd telur nýmælið til bóta þar sem það skapar nauðsynlegar forsendur þeim sem starfa við gerð skoðanakannanna, við markaðssókn og þess háttar. Persónuvernd telur þó mikilvægt að taka af öll tvímæli um það að slík heimild ábyrgðaraðila taki aðeins til þeirra tilvika þegar afhending skráar *getur ekki talist vera afhending viðkvæmra persónuupplýsinga*. Í vissum tilvikum geta upplýsingar um félagsaðild verið viðkvæms eðlis og sama getur átt við um viðskiptamannaskrár. Er þá ekki sjálfgefið að ábyrgðaraðili, s.s. stjórn félagasamtaka, láti frá sér lista með nöfnum félagsmanna. Er í vafatilvikum er rétt að áskilja samþykki hvers og eins. Í þessu sambandi vísast og til tillögu stofnunarinnar að breyttu orðalagi 9. gr. laganna.

II. Við framkvæmd laganna hefur birst tiltekinn vandi. Hann er í stuttu máli sá að heimildir 8. gr. laganna til vinnslu almennra persónuupplýsinga eru það þröngar að oft reynist erfitt að finna þar stoð fyrir eðlilegri vinnslu, jafnvel vinnslu sem er óhjákvæmilegur þáttur í starfsemi hlutaðeigandi. Sú leið sem farin var við samningu frumvarps til 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 var á þeim tíma talin vera í fullu samræmi við 7. og 8. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þar kann nokkur misskilningur að hafa verið á ferðinni og í ljós hefur komið að umrædd ákvæði tilskipunarinnar hafa, í hinum ýmsu aðildarríkjum, verið lögfest með nokkuð öðrum hætti en hér var gert. Í

lögnum eru heimildir 9. gr. laganna til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í raun rýmri en heimildir til vinnslu almennra persónuupplýsinga, en slíkt getur vart talist eðlilegt. Þá hefur reynst bagalegt fyrir Persónuvernd að geta aðeins heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur utan 1. mgr. 9. gr. en ekki vinnslu almennra persónuupplýsingar sem fellur utan 1. mgr. 8. gr. Hefur í framkvæmd oft þótt skorta slíka heimild einkum þegar um er að ræða vinnslu sem er eðlilegur þáttur í lögmætri starfsemi viðkomandi, þjónar málefnalegum tilgangi og hefur ekki hættueiginleika frá sjónarhóli einkalífsverndar.

Af þessu tilefni leyfir Persónuvernd sér að leggja það til við hæstvirta Allsherjarnefnd að tiltekna breytingar verði gerðar á lögum nr. 77/2000, til viðbótar þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpi dómsmálaráðherra, sbr. þskj. 1002. Efnislega er í raun um tvær meginbreytingar að ræða - kemur önnur þeirra fram í 2. mgr. 8. gr. hér að neðan; hin í 1. málslíð 1. mgr. 9. gr. hér að neðan. Um skýringu á þeirri síðarnefndu vísast til 30. gr. formálaákvæðis tilskipunar Evrópusambandsins (EB) frá 24. október 1995, nr. 95/46/EB. Tillaga Persónuverndar er því sem hér segir.

a) Að heitum lagagreina verði breytt þannig að 7. gr. fái heitið: "Meginreglur um gæði gagna og vinnslu"; að 8. gr. fái heitið: "Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga"; að 9. gr. fái heitið: "Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga".

b) að 8. gr. verði svohljóðandi:

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tl. 2. gr.;
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, geti náð lögmætu markmiði sínu, nema slíkt markmið verða að víkja fyrir lögvernduðum grundvallarréttindum og frelsi hins skráða.

Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. mgr. ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitíð til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.

Rafræn vöktun staðar þar sem takmarkaður hópur fólks fer að jafnaði um er óheimil nema hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

c) að 9. gr. verði svohljóðandi:

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og ennfremur sé uppfyllt eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:

1. hinn skráði gefið samþykki sitt skv. 7. tl. 2. gr.;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
6. vinnslan sé nauðsynleg til að krefa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkera laganauðsynja;

7. vinnslan sé nauðsynleg vegna sjúkdómsgreiningar, lækni meðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfraði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. mgr. telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Bindur hún slíka heimild þá þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið og öðrum samtök sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líkna-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, er heimil vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þótt ekki séu uppfyllt skilyrði 1.-8. liðar 1. mgr. , enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkeis hins skráða.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkeis þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Jóhannesdóttir